

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 808/1998 um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í 1. másl. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „268.560“ fjárhæðin „390.144“ og í stað fjárhæðarinnar „365.352“ komi fjárhæðin „380.148“.
- b. Í 2. másl. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „268.560“ fjárhæðin „390.144“.
- c. Í 1. másl. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „1.074.240“ fjárhæðin „1.317.408“ og í stað fjárhæðarinnar „365.352“ komi fjárhæðin „380.148“.
- d. Í 2. másl. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „1.074.240“ fjárhæðin „1.317.408“.
- e. Í 1. másl. 3. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „537.120“ fjárhæðin „780.288“.
- f. Í 2. másl. 3. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „537.120“ fjárhæðin „780.288“.

2. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Um tekjur úr lífeyrissjóðum gilda sömu reglur og um aðrar tekjur.

3. gr.

Við 6. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr.:

Tekjur öryrkja af atvinnu skulu metnar að 60 hundraðshlutum við ákvörðun tekju-grundvallar. Með tekjum af atvinnu er átt við tekjur fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjón-ustu svo og allar starfstengdar greiðslur og tekjur af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi, sbr. lög nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 66. gr., sbr. 10., 17. og 18. gr. laga nr. 117/1993 með síðari breytingum og öðlast gildi 1. júlí 2001.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. júní 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.